

Skólaráðsfundur 1. nóvember 2023

Fundinn sátu: Karítas Sigurbjörg Björnsdóttir, Valborg Hjálmarsdóttir, Emma Sif Björnsdóttir, Elenóra Jónsdóttir, Sighvatur Pálmason fulltrúi 10. bekkjar í nemendafélaginu, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla.

Óskar vakti athygli á sjálfsmatsskýrslu skólans á vefnum og fór yfir niðurstöður árlegrar skimunar starfsfólks sem er aftast í skýrslunni.

Skólapúlsinn.

Kynntar voru helstu niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins frá síðasta ári. Niðurstöður eru aðgengilegar í sjálfsmatsskýrslu.

Rætt um að hafa sameiginlegan fund með skólaráði, stjórn foreldrafélagsins og stjórn nemendafélagsins. Slíkur fundur gæti t.d. verið í janúar. Rætt um möguleg umræðuefni á slíkum fundi. Tillaga kom fram um að ræða mögulegar breytingar á framkvæmd öskudags. Ákveðið að setja saman vinnuhóp með fulltrúum frá öllum þessum aðilum og skólanum til að vinna að undirbúningi.

A-álman.

Skólaráð sendi ályktun vegna A-álmunnar í fyrra en ekkert hefur gerst ennþá í sambandi við fyrirhugaðar framkvæmdir. Rætt um að ýta á eftir þeim framkvæmdum sem búið var að samþykkja.

Rætt um aðstöðuleysi og skort á eftirliti með nemendum sem bíða eftir íþróttum að loknum skóladegi og mögulegar leiðir til að leysa úr því.